

Árið 2003, þriðjudaginn 15. apríl kl. 1.30 e.h., kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 10. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Erindi frá Þorsteini Þorsteinssyni Birkilundi 12, Akureyri hann sækir um leyfi fyrir geymslu við sumarhús sitt á jörðinni Kotungstöðum Fnjóskadal. Meðfylgjandi er teikning sem sýnir útlit og grunnplan geymslunnar.

Samþykkt.

2. Þór Steinberg Pálsson Kringlumýri 21, Akureyri sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús á lóð í land Víðifells Fnjóskadal. Meðfylgjandi teikning er eftir Jón Geir Ágústsson og samþykkir byggingarnefnd viðbygginguna, en bendir á að setja þurfi björgunarop á herbergi í núverandi húsi.

3. Tekið fyrir bréf dags.7. mars sl. frá Helga Magnússyni og Sigríði Pálsdóttur Prastarási 71 a, Hafnarfirði. Óskað er eftir að fá frest til 1. ágúst 2004 til að ljúka framkvæmdum við breytingar á íbúð merkt 0102 að Smáratúni 9 Svalbarðseyri. Samkvæmt samþykkt byggingarnefndar á fundi 8. maí 2001 átti framkvæmdum að vera lokið innan tveggja ára eða 8. maí nk.

Byggingarnefnd féllst á umbeðna frestun, en jafnframt skal tekið fram að um frekari frestun verður ekki að ræða.

4. Svalbarðsstrandarhreppur sækir um leyfi fyrir viðbyggingu og breytingum á Valsárskóla Svalbarðsströnd. Meðfylgjandi teikningar eru frá VA Verktökum ehf Skólavörðustíg 12, Reykjavík. Önnur fylgiskjöl eru umsögn frá eldvarnareftirliti og heilbrigðisfulltrúa, en ekki náðist hjá vinnueftirliti að ljúka yfirferð teikninga.

Veruleg umræða var um útlit viðbygginganna og þá þakgerð sem valin hefur verið, en slétt þök hafa víða reynst illa og er það álit byggingarnefndar að nota eigi frekar aðra þakgerð sé þess kostur. Einnig má benda á að þök eldri húsa eru járnvarin mænispök og væri því eðlilegra að þök viðbygginga samræmdust þeim.

Nokkrar athugasemdir liggja fyrir frá umsagnaraðilum við framlagðar teikningar og frestar byggingarnefnd erindinu að sinni.

5. Erindi frá Jóni Hákonarsyni Marbakka, Svalbarðsströnd um byggingu bílskúrs við íbúðarhúsið að Marbakka. Meðfylgjandi teikning dags. 10.01.03 er frá Erlingi Ingvasyni Grashaga 3 Selfossi.

Byggingarnefnd samþykkir teikninguna, en þar sem bílskúrin er úr timbri og ekki nema 4 metra frá norðurmörkum lóðar, þarf að setja útigífs undir timburklæðningu á norðurvegg eins og fram kemur í athugasemdum frá eldvarnareftirliti.

6. Árni Jónsson Skessugili 3, Akureyri sækir um leyfi byggingarnefndar fyrir sumarhúsi á lóð nr. 1 í Kotabyggð samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Árna Gunnari Kristjánssyni verk nr. Á03-102.

Samþykkt.

7. Erindi frá Garðari Steinssyni Skógarhlíð 15, Hörgárbyggð um leyfi fyrir að byggja geymsluskúr austan við íbúðarhúsið að Skógarhlíð 15. Á meðfylgjandi teikningu kemur fram á afstöðumynd að húsið er að mestu utan við byggingarreit og ekki nema 50 cm frá lóðarmörkum að austan.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um að húsið verði fjarlægt ef nýtt skipulag á þessu svæði gefur tilefni til. Einnig er krafa um að rými í húsinu sem ætlað er fyrir sorp verði klætt að innan með efni í flokki 1.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson

Haukur Steindórsson Jónas Baldursson
Bragi Pálsson Jósavin Gunnarsson